

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um listgreinakenndu í framhaldsskólum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Til hvaða ráðstafana hefur ráðuneytið gripið í framhaldi af álitum umboðsmanns Alþingis frá 2. apríl sl., þess efnis að það leiðrétti hlut framhaldsskólanema sem hafa þurft að bera sjálfir kostnað vegna náms við tónlistarskóla sem tekið hefur verið gilt til stúdentsprófs?
2. Hvaða listaskólar hafa heimild til að kenna listgreinar sem teknar eru gildar til stúdentsprófs eða annars lokaprófs úr framhaldsskólum?
3. Hver er stefna ráðuneytisins varðandi listgreinakenndu á framhaldsskólastigi og hvaða breytinga er að vænta í þeim efnum á næstunni?